

Fundargerð
344. fundar framkvæmdastjórnar Sjúkraliðafélags Íslands,
haldinn 4. október 2017, kl 17.00 að Grensásvegi 16.

Fundinn sátu:

Kristín Á Guðmundsdóttir, formaður
Kristín Ólafsdóttir, varaformaður
Jóhanna Traustadóttir, ritari
Jóna Jóhanna Sveinsdóttir, gjaldkeri

Fundarritun annaðist:

Gunnar Örn Gunnarsson, framkvæmdastjóri SLFÍ

Dagskrá:

1. Fundur settur
2. Fundargerð síðasta fundar
3. Ráðstefna BSRB um trúnaðarmenn
4. Undirbúningur að fundi félagsstjórnar SLFÍ 11. október
5. Undirbúningur að fundi Trúnaðarmannaráðs SLFÍ 11. október
6. Kjaramál
 - Fundur með sjúkraliðum á Eir

Önnur mál

Dagskrá:

1. Fundur settur
Kristín Á Guðmundsdóttir (KÁG) formaður Sjúkraliðafélags Íslands (SLFÍ) setti fund og bauð alla velkomna og gerði grein fyrir hvers vegna fundurinn væri í seinna fallinu.
2. Fundargerð síðasta fundar
Jóhanna Traustadóttir (JT) ritari SLFÍ gerði grein fyrir að fundargerð síðasta fundar væri samþykkt og komin á netið.
3. Ráðstefna BSRB um trúnaðarmenn
KÁG minnti á hvenær trúnaðarmannaráðstefna BSRB verður haldin og farið var yfir dagskrá hennar og nafnalista þátttakenda frá SLFÍ. Það vantar einn fulltrúa frá félaginu og rætt var um hverja væri hægt að boða með svo skömmum fyrirvara. Málið rætt og ákveðið að tala við Eygló Héðinsdóttur og kanna hvort hún geti mætt.

4. Undirbúningur að fundi Félagsstjórnar SLFÍ 11. október

KÁG fór yfir drög að dagskrá fundarins og að fundað yrði með kjaramálanefnd fyrir fund félagsstjórnar til að fara yfir og rifja upp á hvaða stofnanir potturinn fyrir árið 2018 færi samkvæmt tillögu hagfræðings félagsins.

5. Undirbúningur að fundi Trúnaðarmannaráðs 12. október

Farið var yfir dagskrá fundar Trúnaðarmannaráðs og rætt um uppröðun dagskrárliða og ákveðnar tilfærslur gerðar.

6. Kjaramál

- GÖG og KÁG gerðu grein fyrir fundi með sjúkraliðum á Eirhömrum vegna erfiðleika við að fá í gegn að sjúkraliðum þar séu greidd rétt laun. Á fundinum var farið yfir stöðuna og næstu skref. Félagið hefur farið fram á fund í samstarfsnefnd aðila og verður málið rætt þar.
- Rætt var um stöðu trúnaðarmanna á LSH. Fram kom að mjög mikið vantar upp á að trúnaðarmenn séu á öllum deildum og hvernig ætti að bregðast við. Ákveðið að Ingibjörg Jóhannsdóttir formaður kjörstjórnar Reykjavíkurdeildar og Sigríður Ríkhardsdóttir starfsmaður á skrifstofu SLFÍ fari á LSH til að koma málinu í gott horf.

Önnur mál

Engin önnur mál

Fundi slitið kl. 18.00